

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Gjáhella 15.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 5. september 2007 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Gjáhella 15, Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að byggingarreitur verði að þremur byggingarreitum, hver að stærð 51,3 x 7 m. Girt verður umhverfis lóð og skal girðing ekki vera lægri en 2 m. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 18. október 2007,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 1. nóvember 2007